

stóð. — Eins og þegar er getið, var skyggni gott á umræddum tíma, og hafa stjórnendur tundurspillisins því átt að geta séð til ferða Græðis með nægum fyrirvara, jafnframt því sem þeim var eða átti að vera kunnugt um ljósleysi tundurspillisins. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að stjórnendur tundurspillisins hafi af hernaðar-nauðsyn eða vegna hernaðaraðgerða orðið að vikja frá almennum, alþjóðlegum reglum um siglingar, og þar sem megin-orsakir slyssins virðast vera þær, að þessara reglna var ekki gætt, getur rétturinn, eins og á stendur, ekki talið, að árekstur þessi hafi orðið með þeim hætti, er stefnda heldur fram og byggir sýknu-kröfur sína á. Þykir því bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda nefnda váttryggingarfjárhæð ásamt vöxtum, sem gegn mótmælum stefnda verða ekki reiknaðir hærri en 5% p. a. og teljast frá stefnudegi. Eftir málavöxtum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 1500.00 í málkostnað.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Vélbátaábyrgðarfélag Keflavíkur, greiði stefnandanum, Steindóri Péturssyni, kr. 90000.00 með 5% ársvöxtum frá 19. marz 1942 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málkostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1943.

Nr. 13/1943. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og skilanefnd Síldareinkasölu Íslands.**

(Lárus Fjeldsted)

gegn

Landsbanka Íslands og gagnsök

(Einar B. Guðmundsson).

Um forgengi krafna á hendur fjárþrota aðilja.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa málinu til hæstaréttar með stefnu 5. febrúar þ. á., krefjast þess, að hinn áfrýjaði

dómur verði úr gildi felldur og þeir sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 22. febr. þ. á., krefst þess aðallega, að skiptagerð skilaneðndar Sildareinkasölu Íslands frá 17. febrúar 1940 verði breytt á þá leið, að krafa hans, kr. 391658.00, gangi á undan öllum kröfum ríkissjóðs á hendur einkasölnunni. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðeins skiptagjald í ríkissjóð gangi fyrir kröfu hans, og loks til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir orðalagi sínu tekur hvorki 84. gr. né 89. gr. skiptalaganna nr. 3/1878 yfir veð það, sem getur í 5. gr. laga nr. 61 frá 1929, en veði þessu þykir verða að jafna til veðs þess í öllu lausafé bús, sem 84. gr. skiptalaganna tekur til, þar sem það er mjög skylt því í eðli sínu. Verður veðið því að vikja fyrir forgangskröfum samkvæmt 83. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu og þar sem fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að ríkissjóður beri ekki almenna ábyrgð á skuldbindingum Sildareinkasölu Íslands, ber að taka sýknukröfu aðaláfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og skilaneðnd Sildareinkasölu Íslands, skulu vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Landsbanka Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. nóv. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. maí 1940, af Landsbanka Íslands gegn skilanefnd Sildareinkasölu Íslands, þeim Lárusi Fjeldsted hrm. og Svavari Guðmundssyni útbússtjóra, f. h. búsin og fjármálaráðherra Jakob Möller f. h. rikissjóðs. Gerir stefnandi þær dómkröfur *ad allega*, að síðargreind krafa bankans á hendur Sildareinkasölu rikisins gangi á undan kröfum þeim, er rikissjóður telur sig eiga á hendur sömu stofnun, og að hin stefnda skilanefnd verði skylduð til að breyta úthlutunargerð sinni í samræmi við það. *Til vara* krefst stefnandi þess, að skiptagjald í rikissjóð, kr. 25475.95, verði eitt látið ganga á undan kröfu bankans, og skilanefndin breyti úthlutunargerðinni í samræmi við það. Stefnandi krefst og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda, að umrædd úthlutunargerð verði staðfest og þeim dæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Tildrög málsins eru þessi:

Samkvæmt lögum nr. 61 14. júní 1929 var starfrækt Sildareinkasala Íslands, er skyldi hafa einkasölu á allri sild, sem verkuð var til útflutnings hér á landi, svo og á allri sild, sem veidd var til útflutnings af íslenskum skipum hér við land. Í lok ársins 1931 var talið, að hagur einkasölnunnar stæði þannig, að eigi væri annað sjáanlegt en að bú hennar yrði bráðlega tekið til gjaldprotaskipta, ef eigi yrði önnur skipan á gerð. Hinn 9. des. 1931 voru því sett bráðabirgðalög, þar sem ákveðið var, að bú Sildareinkasölu Íslands skyldi tekið til skiptameðferðar, og skyldu skiptin framkvæmd af tveggja manna skilanefnd, skipaðri af atvinnu- og samgöngumálaráðherra. Við skiptin skyldi farið eftir gildandi reglum við gjaldprotaskipti um skuldajöfnuð, ógildingu gerninga, fjárnám eða löggeymslu og um skuldaröð. Skilanefndin skyldi koma í stað stjórnar einkasölnunnar og hafa samskonar vald og skyldur, eftir því sem við átti. — Í skilanefndina voru skipaðir þeir Lárus Fjeldsted hestaréttarmálflutningsmaður og Svavar Guðmundsson, nú útbússtjóri Útvegsbankans á Akureyri, og tóku þeir þegar í sínar hendur allar fjárreiður einkasölnunnar, sáu um sölu á eignum hennar og innheimtu skulda. Af ýmsum ástæðum drógust búskiptin all-lengi og varð þeim eigi lokið fyrr en þann 17. febrúar 1940. Við endanlegt uppgjör á hag fyrirtækisins reyndust eignir þess nema kr. 318032.17, forgangskröfur námu um kr. 650000.00 og almennar kröfur rúmlega 1 millj. króna, þannig að eignirnar hrukku ekki fyrir meira en nokkrum hluta forgangskrafnanna.

Meðal skuldheimtumanna einkasölnunnar var útbú Landsbanka Íslands á Akureyri. Hafði útbúið upphaflega veitt Sildareinkasöl-

unni lán með reikningslánssamningi, dags. 15. ágúst 1929, og var sá samningur síðan framlengdur þann 11. nóv. 1930 og 21. júlí 1931. Samkvæmt 5. gr. laganna nr. 61 1929 var einkasölunni sem sé heimilt að taka fé að láni til þess að kaupa tunnur, salt og annað efni til sildarverkunar svo og til að greiða framleiðendum upp í sild þá, er þeir höfðu afhent einkasölunni, en lánsstofnanir, er veittu þessi lán, skyldu hafa sameiginlegt lögveð í allri sild, sem einkasalan hafði til sölumeðferðar á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni. — Með stefnu, útgefinni 7. febrúar 1933, höfðaði útbúið síðan mál gegn skilaneftndinni fyrir gestarétti Eyja-fjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar til greiðslu á reikningsláninu, þá að upphæð kr. 391658.99, og gerði það einnig þá kröfu, að viðurkennt yrði með dómi réttarins, að bankinn ætti lögveð í eignum einkasölnnar fyrir kröfu sinni skv. 5. gr. laga nr. 61 1929. Lauk málinu með dómi réttarins, upp kveðnum 19. febrúar 1934, þar sem kröfur stefnanda voru teknar til greina og tekið fram, að stefnandi hefði sem lögveðhafi forgangsrétt að andvirði þeirrar sildar, er Sildareinkasala Íslands hafði í sínum vörzlum til sölumeðferðar, er bú hennar var tekið til skipta í desember 1931, svo og í andvirði birgða hennar þá af tunnum, salti og öðru efni. — Þessum dómi hefur eigi verið áfrýjað.

Einkasalan skuldaði og rikissjóði kr. 260504.50 fyrir útflutningsgjöld árin 1930 og 1931, kr. 2711.92 fyrir fiskiveiðasjóðsgjöld árið 1931, kr. 14027.00 fyrir vörutoll árið 1931 og kr. 94.00 í lögtaks-kostnað. Hafði kröfum þessum verið lýst í bú einkasölnnar.

Í úthlutunargerð sinni við lokaskipti á búinu ákvað skilaneftndin, að fyrst skyldu greiðast af eignum búins ýmsar forgangskröfur, að upphæð kr. 18283.74. Eftir voru þá eignir, að upphæð kr. 299748.43, sem nefndin ákvað, að öll skyldi renna til rikissjóðs, kr. 25475.95 sem skiptagjald og afgangurinn, kr. 274272.48 sem greiðsla upp í fyrrnefndar kröfur rikissjóðs (útflutningsgjöld o. s. frv.), og kæmi þá ekkert upp í kröfu Landsbankans út af reikningsláninu, þá að upphæð kr. 354139.70.

Stefnandi hefur eigi viljað una þessum úrslitum og hefur því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur. Kröfur sínar byggir stefnandi í *fyrsta lagi* á því, að rikissjóður beri fjárhagslega ábyrgð á öllum skuldum og skuldbindingum sildareinkasölnnar. Einkasalan hafi verið stofnuð af rikisvaldinu, starfrækt undir stjórn, sem að meiri hluta hafi verið skipuð af því, rikisstjórnin hafi skipað endurskoðendur hennar, sett reglugerð um meðferð sjóða hennar og bú hennar hafi loks verið ráðstafað af stjórnskipaðri skilaneftnd, án þess að skuldheimtumönnum gæfist nokkur kostur á að hafa afskipti af búskiptunum. Telur stefnandi því, að fjárkröfur rikissjóðs komi fyrst til greina, þegar allir aðrir skuldheimtumenn hafi fengið kröfur sínar að fullu greiddar. Hefur

stefnandi jafnframt áskilið sér óskertan rétt til að krefja ríkissjóð um fulla greiðslu á allri skuld einkasölnunnar með vöxtum og kostnaði.

Af hálfu ríkissjóðs er því eindregið mótmælt, að hann beri almenna fjárhagslega ábyrgð á fjárreiðum einkasölnunnar. Hún hafi alls ekki verið ríkisfyrirtæki, þótt nauðsyn hafi þótt til bera, að ríkisvaldið hefði að nokkru hönd í bagga um starfrækslu þessa, og stofnað hafi verið til hennar með lögum, eftir að sildarútvegsmenn höfðu sjálfir gert árangurslausar tilraunir til að koma slíku skipulagi á þenna atvinnuveg.

Í 3. mgr. 5. gr. laganna nr. 61 1929 segir, að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast lán til einkasölnunnar, og tókst ríkissjóður sérstaklega á hendur ábyrgð á einu slíku láni einkasölnunnar, en það lán var tekið erlendis. Þrátt fyrir það, að ríkisvaldið hafi haft frekari afskipti af málefnum einkasölnunnar en annars er títt um einkafyrirtæki, þykir þó mega ráða af þessu ákvæði laganna nr. 61 1929, að ríkissjóður hafi ekki tekizt á hendur almenna ábyrgð á öllum skuldbindingum einkasölnunnar, enda verða afskipti ríkisins af málum þessum að teljast hafa stafað að verulegu leyti af því, að tilraunir útvegsmanna til samstarfs höfðu farið út um þúfur, svo og því, að hér var um einn þýðingarmesta atvinnuveg þjóðarinnar að ræða.

Kröfur stefnanda þykja því ekki verða byggðar á þessari málsástæðu.

Í öðru lagi byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að umrædd reikningslánskrafa hans standi að lögum frammar kröfum ríkissjóðs á hendur einkasölnunni. Hann véfengi ekki, að forgangskröfurnar, að upphæð kr. 18283.74, skuli greiddar fyrst, en telur *aðallega*, að allar aðrar kröfur á hendur búinu, og þá einnig krafan fyrir skiptalaun í ríkissjóð, eigi að þoka fyrir kröfu bankans.

Af hálfu stefndu er haldið fast við, að úthlutunargerðin sé rétt að þessu leyti.

Með skirskotun til c-liðs 82. gr. skiptalaganna nr. 3 1878, sbr. 88. gr. laganna, verður og að telja, að skiptalaunin í ríkissjóð eigi að ganga fyrir kröfum bankans, og ber því að staðfesta úthlutunargerðina að þessu leyti. *Aðal*-krafa stefnanda í málinu verður því ekki tekin til greina.

Vara-kröfuna byggir stefnandi á því, að lögveðrétturinn fyrir umræddum kröfum ríkissjóðs hafi verið fallinn niður, þegar skiptameðferð einkasölnunnar hófst, en hins vegar liggi fyrir óhnekkur dómur um gildi lögveðréttarins fyrir kröfu bankans. Þótt talið verði, að fyrrgreind gjöld í ríkissjóð (úthlutningsgjald o. s. frv.) séu forgangskröfur skv. b-lið 3 í 83. gr. skiptalaganna, þá leiði það af gagnályktun frá 89. gr. skiptalaganna, að forgangskröfur þessar eigi að þoka fyrir kröfu bankans, sem tryggð sé með lögveði.

Stefndu telja hins vegar, að kröfum þessum sé réttilega raðað

í úthlutunargerðinni. Skv. 84. gr. skiptalaganna gangi skattar og gjöld í ríkissjóð fyrir öðrum kröfum, sem tryggðar séu með veðrétti í öllu lausafé búsins, og það hvort sem veðrétturinn sé lögákveðinn eða byggður á samningi.

Útflutningsgjöld þau og fiskveiðasjóðsgjald, sem greiða skal af íslenskum fiskafurðum, er flytja skal til útlanda (sbr. lög nr. 60 og 70 1921 og lög nr. 47 1930), falla í gjalddaga um leið og skipið, sem flytur vöruna út, er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Skipið, sem flytur vöruna, og farmurinn er að veði fyrir gjöldunum. — Ekki verður annað séð en að verðmæti þessi, skip og farmur, hafi verið komin úr löglegum umráðum veðþola (einkasölunnar), þegar skiptameðferðin á búi einkasölunnar hófst og ríkissjóður vildi neyta lögveðréttarins. Eftir því sem ráða má af framangreindum lögveðheimildum, þykir því verða að lita svo á, að ríkissjóður sé þar með búinn að missa lögveðréttar síns fyrir gjöldum þessum, þótt þau njóti hins vegar forgangsréttar skv. b-lið 3 í 83. gr. skiptalaganna. Fyrirnefndur lögtakskostnaður (kr. 94.00) virðist standa í sambandi við hér-umrædd gjöld (útflutningsgjald og fiskveiðasjóðsgjald), og þykir þá sama eiga að gilda um hann.

Lögveðréttur stefnanda fyrir fyrirnefndu reikningsláni, sem viðurkenndur hefur verið með dómi, þykir, eftir því sem ráða má af málinu, vera þess eðlis, að ákvæði 89. gr. skiptalaganna komi þar til greina (með gagnályktun), þannig að fyrrgreindar kröfur ríkissjóðs eigi að þoka fyrir þessari kröfu bankans.

Um *vörutollinn* giltu hins vegar þau ákvæði (sbr. lög nr. 54 1926), að veðrétturinn í hinum aðfluttu, gjaldskyldu vörum hélt gildi, þótt vörurnar hefðu verið afhentar viðtakanda, eins og hér mun hafa átt sér stað. Þessi lögveðréttur verður því að teljast í fullu gildi og af orðalagi lögveðheimildarinnar þykir mega ráða, að veðréttur þessi standi frammar rétti stefnanda, þannig að krafa ríkissjóðs fyrir vangoldinn vörutoll (kr. 14027.00) eigi að ganga á undan kröfu stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að viðurkennt verður, að fyrirnefnd krafa stefnanda (að upphæð kr. 354139.70) gangi í skuldaröð í búi Sildareinkasölu Íslands á undan fyrrgreindum kröfum ríkissjóðs (kr. 260504.50 fyrir útflutningsgjald, kr. 2711.92 fyrir fiskiveiðasjóðsgjöld og kr. 94.00 í lögtakskostnað), en að baki forgangskröfum, að upphæð kr. 18283.74, skiptagjaldi í ríkissjóð kr. 25475.95 og kröfu ríkissjóðs fyrir vangoldinn vörutoll, að upphæð kr. 14027.00. Ber hinni stefndu skilanefnd að taka upp skiptin á búi Sildareinkasölu Íslands og breyta úthlutunargerð sinni í samræmi við framanritað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

All-mikill dráttur hefur orðið á meðferð máls þessa fyrir rétt-

inum bæði áður en gagnasöfnun var lokið og eftir það. Hefur málinu verið frestað eftir ósk málsaðilja, sem gert hafa itrekaðar samkomulagstilraunir í málinu, en án árangurs.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind krafa stefnanda, Landsbanka Íslands, (að upphæð kr. 354139.70) gangi í skuldaröð í búi Sildareinkasölu Íslands á undan tilteknum kröfum ríkissjóðs (kr. 260504.50 fyrir útflutningsgjöld, kr. 2711.92 fyrir fiskiveiðasjóðsgjöld og kr. 94.00 í lögtakskostnað), en standi að baki áðurnefndum forgangskröfum, að upphæð kr. 18283.74, skiptagjaldi í ríkissjóð, kr. 25475.95 og kröfu ríkissjóðs fyrir vangreiddan vörutoll, að upphæð kr. 14027.00. Ber þeim Lárusi Fjeldsted hrm. og Svavari Guðmundssyni útbússtjóra, skilanefndarmönnum í búi Sildareinkasölu Íslands, að taka búskiptin upp aftur og breyta útlutunargerð sinni í samræmi við framanritað.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1943.

N. 42/1943. Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs

(Kristján Guðlaugsson)

gegn

Gunnari Guðjónssyni (Einar B. Guðmundsson).

Skattamál.

Dómur hæstaréttar.

Bjarni Pálsson, lögmannsfulltrúi í Reykjavík, hefur kveðið upp fógetaúrskurðinn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. apríl þ. á. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og framkvæmd lögtaks heimiluð fyrir eftirstöðvum skattreiknings stefnda 1942, kr. 274429.00, auk dráttarvaxta. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.